



## Hlutabréf

## JÚPÍTER - HLUTABRÉFAVÍSITALA

ÁVÖXTUN	HV	OMXIGI
Síðasti mánuður	-7,9%	-7,1%
Frá áramótum	-7,5%	-8,4%
2019	16,4%	27,8%
2018	-7,7%	-2,8%
2017	-	-
2016	-	-
2015	-	-
Frá stofnun*	-0,2%	6,1%

## FYRIR HVERJA ER SJÓÐURINN

Sjóðurinn er ætlaður þeim fjárfestum sem vilja ávaxta fé sitt til lengri tíma með vel dreifðu eignasafni með óvirkri stýringu í innlendum hlutabréfum. Sveiflur í gengi sjóðsins geta verið nokkrar og ætti fjárfesting í sjóðnum því að vera hugsuð til lengri tíma.

## FJÁRFESTINGARSTEFNA

Markmið sjóðsins er að auka verðmæti sjóðsfélaga með vel dreifðu eignasafni sem samanstendur af hlutabréfum á mörkuðum NASDAQ OMX kauphallarinnar á Íslandi. Fjárfesting sjóðsins í innlendum hlutabréfum er í samræmi við Hlutabréfavisitölu Júpíters.


## FJÁRFESTINGARHEIMILDIR

Hlutabréf	90-100%
Afleiður	0-20%
Innlán	0-10%

## EIGNASAMSETNING

Marel	15,1%
Arionbanki	15,1%
Síminn	8,6%
Hagar	7,7%
Reitir	7,3%
Festi	6,5%
Brim	5,8%
Icelandair	5,7%
Reginn	4,2%
EIK	4,2%
Annað	26,1%
Reiðufé	-6,1%

## GENGISPRÓUN



## UPPLÝSINGAR

<b>REKSTRARFÉLAG</b> Júpíter rekstrarfélag hf.	<b>GENGISMUNUR</b> 1,5%	<b>UPPGJÖRSTÍMI SÖLU</b> 2 viðskiptadagar	<b>LEI KÓÐI</b> 2549005X7VL83AFTTB53
<b>SJÓÐSFORM</b> Verðbréfasjóður	<b>UMSÝSLUPÓKNUN</b> 0,5%	<b>LÁGMARKSKAUP</b> 10.000 kr.	<b>FRAMKVÆMDASTJÓRI</b> Hannes Hrólfsson
<b>SKRÁNINGARLAND</b> Ísland	<b>ÚTGÖNGUGJALD</b> Hámark 1%*	<b>VÖRSLUFÉLAG</b> Kvika banki hf.	<b>SJÓÐSTJÓRI</b> Þorlákur Hilmarsson
<b>GRUNNMYNT</b> ISK	<b>AFGREIÐSLUGJALD</b> 450 kr.	<b>BLOOMBERG AUÐKENNI</b> JPTRHVI:IR	<b>FJÁRFESTINGARTEYMI</b> Skúli Harðarson Jónas Gunnarsson
<b>STOFNÁR</b> 2017	<b>AFGREIÐSLUTÍMI</b> 9:00-11:00	<b>AUÐKENNI</b> JR-HV	
<b>STÆRÐ SJÓÐS</b> 167 m.kr.	<b>UPPGJÖRSTÍMI KAUPA</b> 2 viðskiptadagar	<b>ISIN</b> IS0000029361	

\*Einstaka sjóðsdeildum Vísitölusjóðs Júpíters er heimilt að innheimta útgöngugjald ef innleyst er áður en tólf mánuðir eru liðnir frá kaupum. Útgöngugjaldið getur að hámarki numið 1% og rennur helmingur til sjóðsins og helmingur til rekstrarfélags. Ekkert gjald er tekið ef hlutdeildarskírteinishafi hefur átt skírteinin lengur en eitt ár. Hafir hlutdeildarskírteini verið keypt hlutdeildarskírteini yfir tiltekið tímabil gildir fyrst inn fyrst út (e. FIFO) regla.



## FYRIRVARI

### UM JÚPÍTER

Júpíter rekstrarfélag hf. var stofnað af Kviku árið 2006 og hefur frá árinu 2007 starfað með leyfi Fjármálaeftirlitsins sem rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfsleyfi félagsins tekur einnig til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármála-gerninga í sameiginlegri fjárfestingu. Vörslufyrirtæki félagsins er Kvika.

Júpíter rekur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem eru rafrænt skráðir og opnir öllum til fjárfestingar. Félagið rekur einnig fagfjárfestasjóði.

Júpíter hefur trygga stöðu sem sjálfstætt rekstrarfélag verðbréfasjóða sem vinnur að sameiginlegum hagsmunum sjóðfélaga og rekstrar-aðila. Félagið er í eigu Kviku.

Söguleg ávöxtun er hvorki áreiðanleg vísibending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem í boði eru. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur, lykluþýðingar og útboðslýsingar sjóða sem nalgast má á vefsíðu Júpíters, [www.jupiter.is](http://www.jupiter.is).

Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.

Júpíter rekstrarfélag hf. hefur útvistað hluta af daglegum rekstri til Kviku banka hf. á grundvelli laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, nr. 128/2011. Júpíter rekstrarfélag hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða skv. 7. tölul. og b-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002.

Fjárhagsleg áhætta fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

#### MARKAÐSÁHÆTTA

Hættan á tapi sjóðs vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni sjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða láns hæfi útgefanda.

#### LAUSAFJÁRÁHÆTTA

Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

#### REKSTRARÁHÆTTA

Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannaud og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

#### VERÐBÓLGUÁHÆTTA

Hættan á að verðbólga lækki raunvirði eigna sjóðsins.

#### MÓTAÐILAÁHÆTTA OG ÁHÆTTA TENGD INNLÁNUM

Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað.

#### STJÓRN MÁLAÁHÆTTA

Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórnvaldsákvarðana og stjórnmálalegs óstöðugleika.